

# Nova Klúbburinn kynnir uppgjör annars ársfjórðungs 2025

**NOVA**  
KLÚBBURINN

## Áfram stöðugur vöxtur hjá Nova

Rekstur Nova skilaði góðri afkomu á öðrum ársfjórðungi ársins. Heildartekjur voru um 3,4 milljarðar og jukust um 6,2% milli ára. Þjónustutekjur hækkuðu um 7,9% og EBITDA jókst um 9,7%. Hagnaður fjórðungsins var 149 milljónir og eykst um 38,2% milli ára.

### Hæstu niðurstöður á öðrum ársfjórðungi:

- Heildartekjur voru 3.428 m.kr. og vaxa um 6,2% á milli ára
- Þjónustutekjur námu samtals 2.718 m.kr. og vaxa um 7,9% á milli ára.
- EBITDA nam 1.054 m.kr. og vex um 9,7% á milli ára. EBITDA hlutfallið var 30,7% á fjórðungnum samanborið við 29,8% á fyrra ári.
- Hrein fjármagnsgjöld á fjórðungnum nema 255 m.kr. og lækka um 3,5%
- Hagnaður fjórðungsins eftir skatta var 149 m.kr. og hækkar um 38,2%
- Handbært fé frá rekstri á tímabilinu er 763 m.kr.
- Eiginfjárhluft var 39,9% í lok tímabilsins og eigið fé nam samtals 9.456 m.kr.

### Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- og forstjóri Nova

„Það er virkilega gott að sjá áfram sterkan rekstur byggðan á góðum grunni, með vöxt í öllum lykiltölum á öðrum ársfjórðungi. Þetta skiptir auðvitað máli á tíma þar sem við höfum sett stefnuna á enn frekari vöxt og ný taekifæri til að auka tekjur. Hver einasti áfangi skiptir máli og boðar þetta gott fyrir framtíðina. Það sem gleður mig mest er að finna þann mikla meðbyr og metnað sem knýr Nova áfram.

Við höfum stigið fyrstu skrefin í spennandi samstarfi með Dineout og kynnt fyrir viðskiptavinum okkar nýjun gar sem gera þeim kleift að fá enn meira fyrir peninginn. Það er alltaf ánaðgjulegt og gerir dansgólfnið enn betra þegar viðskiptavinir okkar finna virði og gleði í því að vera í viðskiptum hjá okkur og það er Nova í hnottskurn. Gott uppgjör er ekki síst staðfesting á því að viðskiptavinir okkar kunna að meta það sem við erum að gera og að stefnan er í rétta átt.



Á sama tíma er vegferðin sem við lögðum upp með í ársbyrjun, um stofnun Nova Innviða, á góðri leið. Með því stefnum við að betri nýtingu innviða og fjárfestinga, sem mun styrkja bæði rekstur og þjónustu til framtíðar.

Við fengum líka þann heiður að vera valin fyrirmynndarfyrirtæki VR í stærstu vinnustaðarannsókn landsins. Þetta eru kannski þær fréttir sem mér þykir vænst um á ársfjórðungnum. Þetta staðfestir að Nova liðið, er einfaldlega besta liðið, að fólkid okkar upplifir að það sé gaman í vinnunni. Og þegar fólk liður vel, þá liður viðskiptavinum okkar vel líka. Þetta er hringrás gleði og árangurs sem hefur sannað sig aftur og aftur, hún skilar sér í metnaði, upplifun og að lokum í góðu uppgjöri annars ársfjórðungs sem við fögnum í dag”.

## Lykiltölur á fjórðungnum:


	2F 2025	2F 2024	Breyting	%
FlakkNet	1.668	1.578	90	5,7%
FastNet	1.049	941	108	11,5%
Vörusala	444	436	8	1,8%
Aðrar tekjur	267	273	-6	-2,3%
Heildar rekstrartekjur	3.428	3.228	200	6,2%

	6M 2025	6M 2024	Breyting	%
FlakkNet	3.291	3.127	165	5,3%
FastNet	2.077	1.877	201	10,7%
Vörusala	854	855	-1	-0,1%
Aðrar tekjur	529	567	-38	-6,7%
Heildar rekstrartekjur	6.753	6.426	327	5,1%




- Hárvöxtur í tekjum af FastNeti skýrist helst vegna góðrar fjölgunar í súlu heimilistenginga sem og aukningar í tekjum af Sérlausnum.
- Samdráttur í Öðrum tekjum skýrist helst af lækkun tekna af samrekstri. Á móti lækka einnig gjöld vegna samrekstrar, sem færast undir KSV, um sambærilega upphæð og því eru áhrif á rekstrarhagnað lítil.
- Launa og launatengd gjöld hækka um 6,1% sem skýrist helst af almennum launahækjunum, stöðuglendum fjölgar lífíllaga.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 16,4% milli ára sem skýrist m.a. af almennum verðlagshækjunum en einnig einskiptiskostnaði vegna kaupa á eignarhlut í DineOut, leirðrett fyrir því er hækjunin milli ára 13,2%.
- Fjárfestingar í rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum eru 26 m.kr. lægri milli ára, það er í línu við heildaráætlun ársins sem gerir róð fyrir að fjárfestingar verði á bilinu 11%-12% af heildartekjum.
- Handbært fé frá rekstri eykst um 233 m.kr. sem skýrist af bölttri afkomu en einnig var tilfallandi verulega meiri lækkun viðskiptaskulda á sama tímabili á fyrra ári.




## Hagnaður tímabilsins




## Handbært fé frá rekstri




## Heildartekjur



## Nettó vaxtab. skuldur, leiguskuldb. og aðrar skuldur/12m EBITDA



## Fjárfestingar og LTM - %Heildartekjur



## Lykiltölur á fjórðungnum:

Rekstur	F2	F1	F4	F3	F2	Breyting milli ára	Samtals
	2025	2025	2024	2024	2024	Fjárhæð	LTM
FlakkNet tekjur .....	1.668	1.623	1.637	1.698	1.578	90	5,7%
FastNet tekjur .....	1.049	1.028	1.005	1.015	941	108	11,5%
Vörusölutekjur .....	444	410	586	410	436	8	1,8%
Aðrar sölutekjur .....	235	237	244	239	245	(10)	-4,2%
Aðrar rekstrartekjur .....	32	25	29	26	28	4	14,4%
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>3.428</b>	<b>3.324</b>	<b>3.501</b>	<b>3.388</b>	<b>3.228</b>	<b>200</b>	<b>6,2%</b>
Kostnaðarverð seldra vara .....	1.528	1.485	1.595	1.546	1.494	33	2,2%
Laun og launatengd gjöld .....	549	549	563	434	518	32	6,1%
Annar kostnaður .....	297	301	278	211	256	42	16,4%
<b>Rekstrarkostnaður</b>	<b>2.374</b>	<b>2.335</b>	<b>2.436</b>	<b>2.190</b>	<b>2.268</b>	<b>107</b>	<b>4,7%</b>
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA</b>	<b>1.054</b>	<b>989</b>	<b>1.065</b>	<b>1.198</b>	<b>961</b>	<b>94</b>	<b>9,7%</b>
Afskriftir rekstrarfármuna .....	(410)	(390)	(392)	(378)	(366)	(44)	12,1%
Afskriftir óefnislegra eigna .....	(114)	(114)	(133)	(82)	(120)	6	-4,7%
Afskriftir nýtingaréttar .....	(83)	(79)	(107)	(73)	(72)	(11)	15,1%
<b>Afskriftir</b>	<b>(608)</b>	<b>(583)</b>	<b>(632)</b>	<b>(534)</b>	<b>(558)</b>	<b>(50)</b>	<b>8,9%</b>
<b>Rekstrarhagnaður, EBIT</b>	<b>447</b>	<b>407</b>	<b>433</b>	<b>665</b>	<b>403</b>	<b>44</b>	<b>10,9%</b>
Vaxtagjöld af vaxtaberandi langtímalánum .....	(46)	(49)	(56)	(58)	(56)	11	-19,3%
Vaxtagjöld af leiguskuldbindingum .....	(131)	(124)	(129)	(112)	(112)	(19)	17,0%
Vaxtagjöld af öðrum langtímaskuldum .....	(20)	(21)	(19)	(19)	(19)	(1)	7,8%
Verðbætur af öðrum langtímaskuldum .....	(69)	(7)	(4)	(47)	(84)	15	-17,7%
Aðrar fjármagnstekjur og gjöld .....	10	1	63	2	6	4	65,6%
<b>Fjármagnstekjur og gjöld</b>	<b>(255)</b>	<b>(200)</b>	<b>(145)</b>	<b>(234)</b>	<b>(264)</b>	<b>9</b>	<b>-3,5%</b>
Áhrif hlutdeildarfélaga .....	(3)	0	0	0	0	(3)	100,0%
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>189</b>	<b>206</b>	<b>288</b>	<b>431</b>	<b>138</b>	<b>50</b>	<b>36,5%</b>
Tekjuskattur .....	(39)	(39)	(44)	(108)	(30)	(9)	30,3%
<b>Hagnaður tímabilsins og heildarafkoma</b>	<b>149</b>	<b>167</b>	<b>244</b>	<b>322</b>	<b>108</b>	<b>41</b>	<b>38,2%</b>
Afborganir og vaxtabáttur leiguskuldbindinga .....	(191)	(188)	(215)	(170)	(169)	(22)	13,3%
<b>EBITDAaL (EBITDA fyrir IFRS16)</b>	<b>863</b>	<b>863</b>	<b>850</b>	<b>1.028</b>	<b>792</b>	<b>71</b>	<b>9,0%</b>
<b>Kennitölur í rekstrarreikning</b>							
EBITDA hlutfall .....	30,75%	29,76%	30,41%	35,36%	29,75%	0,99%	3,3%
EBITDAaL hlutfall .....	25,16%	25,96%	24,28%	30,36%	24,52%	0,64%	2,6%
EBIT hlutfall .....	13,03%	12,23%	12,36%	19,61%	12,47%	0,56%	4,5%
Hagnaður á hlut .....	0,042	0,047	0,067	0,088	0,029	0,013	43,1%
<b>Efnahagur</b>	<b>30.6.2025</b>	<b>31.12.2024</b>	<b>Sjóðstreymi</b>			<b>F2</b>	<b>F2</b>
						<b>2025</b>	<b>2024</b>
Viðskiptavíld .....	10.136	10.136	<b>Veltufé frá rekstri</b>			<b>1.054</b>	<b>961</b>
Óefnislegar eignir .....	1.344	1.426	Breytingar á rekstart. eignum og skuldum .			(-34)	(-197)
Rekstrarfármunir .....	3.853	3.939	Greidd vaxtagjöld .....			(-187)	(-169)
Leigueignir .....	4.648	4.654	Greiddir skattar .....			(-70)	(-59)
Eignahlutir í hlutdeildarfélögum .....	350	3	<b>Handbært fé frá rekstri</b>			<b>763</b>	<b>536</b>
Tekjuskattsinneign .....	473	551	Keyptir rekstrarfármunir .....			(-335)	(-391)
<b>Fastafármunir samtals</b>	<b>20.804</b>	<b>20.708</b>	Keyptar óefnislegar eignir .....			(-77)	(-47)
Birgðir .....	462	410	Fjárfesting í hlutdeildarfélagi .....			(-350)	0
Viðskiptakröfur .....	1.168	1.174	<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			<b>(-761)</b>	<b>(-437)</b>
Aðrar skammtímaskröfur .....	614	494	Arður til hluthafa .....			(-291)	0
Handbært fé .....	633	1.031	Keypt eigin bréf .....			(-89)	(-98)
<b>Veltufármunir samtals</b>	<b>2.877</b>	<b>3.109</b>	Afborgun leiguskuldbindinga .....			(-61)	(-57)
<b>Egnir samtals</b>	<b>23.681</b>	<b>23.818</b>	Afborganir annarra langtímaskuld..			(-15)	(-14)
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>9.456</b>	<b>9.664</b>	Afborganir langtímalána .....			(-26)	(-26)
Vaxtaberandi langtímaskuldir .....	1.838	1.890	<b>Fjármögnumunarhreyfingar</b>			<b>(-483)</b>	<b>(-196)</b>
Leiguskuldbindingar .....	6.712	6.691	Lækkun á handbæru fé .....			(-481)	(-97)
Aðrar skuldir .....	3.096	3.057	Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....			1	(-10)
<b>Langtímaskuldir samtals</b>	<b>11.646</b>	<b>11.637</b>	Handbært fé í upphafi tímabils .....			1.113	380
Næsta árs afb. langtímask. ....	105	105	<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>			<b>633</b>	<b>273</b>
Viðskiptaskuldir .....	996	795					
Ógreiddir skattar .....	2	291					
Næsta árs afb. leiguskuld. og annarra skulda .....	329	313					
Aðrar skammtímaskuldir .....	1.146	1.012					
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>2.579</b>	<b>2.517</b>					
<b>Skuldir samtals</b>	<b>14.225</b>	<b>14.154</b>					
<b>Kennitölur í efnahagsreikning</b>			<b>Kennitölur í sjóðstreymi</b>				
Eiginfjárlutfall .....	39,93%	40,57%	Frjálast fjárlæði FCF .....			643	523
Veltufjárlutfall .....	1,116	1,235	Frjálast fjárlæði til félags FCFF .....			352	98
			FCFF a.t.t. afborgana leigusk. FCFFaL ....			291	41

Allar tölur í mkr.

## Horfur fyrir árið 2025

Félagið gerir ráð fyrir að tekjur verði á bilinu 13.700 m.kr. til 14.000 m.kr. og EBITDA verði á bilinu 4.000 m.kr. til 4.400 m.kr. Einnig er áætlað að heildar fjárfestingar verði á bilinu 11%-12% af heildartekjum.

## Þjónusta við hluthafa og fjárfesta

Á fjárfestavef Nova Klúbbsins <https://www.nova.is/fjarfestar> geta hluthafar og fjárfestar nálgast ítarlegri upplýsingar um bisnessinn hjá Nova Klúbbnum í sögulegu samhengi.

Fjárfestar og hluthafar geta skráð sig í aðdáendaklúbbinn og þannig fengið fjárfestafréttir með öllum nýjustu fréttum, upplýsingum um reksturinn, uppgjör og viðburði sendar beint á netfangið sitt.

## Fjárhagsdagatal 2025

Uppgjör 3F 2025	30. október 2025
Ársuppgjör 2025	26. febrúar 2026
Aðalfundur 2026	26. mars 2026

## Nova

Nova var stofnað árið 2006 og er nú orðið eitt af stærstu og öflugustu fjarskiptafyrirtækjum landsins. Fyrirtækið á og rekur sína eigin virku innviði vítt og breitt um landið. Í Nova liðinu eru um 160 starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Selfossi. Nova hefur frá upphafi verið í farabroddi í innleiðingu nýjustu tækni og hefur fjárfest markvisst í uppbyggingu virkra innviða í sinni eigu sem mun tryggja Nova áframhaldandi forystu á fjarskiptamarkaði. Farsíma- og netkerfi Nova nær til 98% landsmanna.

## Nánari upplýsingar

Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- & forstjóri, margret@nova.is, s. 770 1070  
Þórhallur Jóhannsson, fjármálastjóri, thorhallurj@nova.is, s. 770 1090.

## Tekjuflokkar

### FlakkNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.

### FastNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur.

### Vörusala

Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði.

### Aðrar tekjur

Tekjur af annarri fjarskiptatengdri starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda flikka, svo sem fastlínupþjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.fl. Auk annarra rekstrartekna.